

ingar. — Í tilefni af bænarskrá frá prestinum að Borg í Mýrasýslu, sira Guðmundi Bjarnasyni, sem þjer, herra landshöfðingi, senduð hingað með þóknanlegu brjefi frá 9. f. m. um, að veitt sje tjeðu prestakalli 1000 kr. lán úr viðlagasjóði, til að reisa fyrir það fje timburkirkju á Borg, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og aðgjörða, að hið umbeðna er veitt, þannig að greitt sje af láninu í ársvexti, 4 af hundraði, og að lánið sjálft sje endurborgað á samfleyttum 20 árum með 50 kr. árlega.

105
3. júlí.

— *Brief ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laun hjerads-læknis.* — Eptir að jeg hefi nú meðtekið álit yðar, herra landshöfðingi, dags. 8. janúar þ. á. um bænarskrá þá, er álitinu fylgdi endursend, og þar sem hjeradslæknirinn í 15. læknishjeraði Íslands F. Zeuthen sækir um, að ráðgjafinn vildi sjá svo um, að sjer yrði veitt hæfileg þóknun fyrir það, að hann þjónaði sem settur læknir 16. læknisumdæmi frá 1. september 1876 til 1. júlí 1878, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að sitja skal við úrskurð þann, sem þjer hafið 21. maí f. á.¹ á málið lagt.

106
5. júlí.

— *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu, um laxveiði í Elliðaáam.* — Í hjá lögðu brjefi, frá í dag með 4 fylgiskjölum, hefir oddviti hreppsnefndarinnar í Seltjarnarnesshreppi Kristinn Magnússon, ásamt nokkrum öðrum bændum úr sama hreppi skýrt frá því, að þeir hafi snúið sjer til hlutaðeigandi sýslumanns, og síðan til yðar, herra amtmáður, til þess að fá gjört út um heimild Thomsens kaupmanns til að þvergirða Elliðaárnar og við hafa þær veiðivjalar, sem eru þar, og að þeir nú, þegar tilraunir þessar virtust ekki mundu hafa nokkurn árangur, hafi ráðið í að taka sjálfir í burtu þvergirðingar þær og veiðivjalar, er þeir álitu ólöglegar, og hafa þeir þar að auki skorað á mig að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ólöglegir veiðigarðar og veiðivjalar aldrei framar verði settar í Elliðaárnar.

107
25. júlí.

1) Þessi landshöfðingjaúrskurður er svo hljóðandi:

Í þóknanlegu brjefi frá 14. marz þ. á. hafið þjer, herra hjeradslæknir, mælt til þess, að yður verði samkvæmt 4. gr. launalaganna veitt einhver þóknun fyrirhinnliðna tíma, frá 1. sept. 1876 og fyrir hvert ár, sem þjer framvegis verðið að gegna læknisstörfum í Austur-Skaptafellssýslu og Hofs prestakalli, meðan það læknishjerað er laust; og hafið þjer í þessu tilliti tekið fram, að hjeraði þessu, er áður hefir verið hluti af embættisumdæmi yðar, hafi nokkra mánuði verið gegnt af Sigurði kandidat Ólafssyni sem settum, þangað til það með brjefi mínu frá 1. septbr. 1876, þegar Sigurður var skipaður læknir í 17. hjeradi og þar að auki settur til um stund að gegna hjeradslæknisstörfum í 18. og 19. læknishjeraði, aptur var lagt fyrir yður að gegna samkvæmt 3. grein laga 15. oktr. 1875 um aðra skipun á læknishjeruðum embættisstörfum í þessum hluta læknishjersaðs yðar, en þjer ætlið, að skylda yðar samkvæmt síðasta lið nefndrar greinar hafi hætt, þegar kandidat Sigurður Ólafsson var settur.

Af þessu tilefni læt jeg ekki undan falla þjónustusamlega að tjá yður, að 3. gr. laga um aðra skipun á læknahjeruðum frá 15. októbr. 1875 beinlínis ákveður, að eldri hjeradaskipunin skuli haldast, þangað til smámsaman er búið að skipa hjeradslækna í hin nýju embætti; en það er vita-skuld, að það verður ekki sagt, að þetta hafi átt sjer stað, þó það takist að fá hjeradinu þjónað um stund af settum lækni í öðru hjeradi.

Samkvæmt þessu verður að álita, að þjer sjeuð skyldir til að þjóna nefndu læknishjeraði án sjerstakrar þóknunar, þangað til fastur hjeradslæknir verði skipaður í það, eða gjörð verði einhver önnur ráðstöfun, með tilliti til læknisstarfanna í þessu hjeradi, en slík ráðstöfun mun ekki geta verkað á tíma þann, sem liðinn er.

107

25. júlí

Af þessu tilefni vil jeg skírskota til laga frá 11. maí 1876 og ráðgjafabréfs frá 26. maí 1877 (stjórnartíðindin B 86), sem lætur það álit í ljósi, að 2. gr. laga þessara eigi ekki við nefndar ár, þar sem Thomsen kaupmanni sje með hæztarjettarlómi frá 16. febrúar 1875 dæmd heimild til að þvergirða árnar, þrátt fyrir ákvörðun 56. kaþitula landsleigubálks Jónsbókar, sem lögín frá 11. maí 1876 í þessu tilliti eru byggð á, og í annan stað mælast til þess, að þjer, herra amtmaður, skýrið Kristinn Magnússyni og þeim fjelögum hans frá því, að hver maður, sem vill lifa í siðuðu fjelagi, og óskar sjálfur að njóta þeirrar verndar, sem lög og dómar veita öllum landsmönnum, er skyldur, ef hann hefur nokkuð að kæra gagnvart öðrum að fylgja fram rjetti sínum með lögum og dómi, og ekki taka hann sjálfur eða sækja með ofbeldi og yfirgangi.

Loksins vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að þjer að svo miklu leyti, sem valdstjórninni ber að skipta sjer af þessu máli, gjörið sem allra fyrst gangskör að því, að dómstólarnir gjöri út um lagaheimild hinna áminnzta veiðivjela, sbr. brjef mitt frá 13. ágúst f. á. (stjórnartíð. B 127), eins og jeg býst við, að þjer hlutizt til um, að hinir nefndu böendur verði fyrir þeirri ábyrgð gagnvart hinu opinbera, er þeir virðast samkvæmt lögnum að hafa bakað sjer með hinu áminnzta hervirki.

108

28. júlí

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um styrk til eflingar landbúnaði. — Í brjefi frá 28. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, fyrir hönd amtsráðsins í vesturumdæminu lagt það til, að fje því, sem í fjárlögnum er veitt til jarðröktar og eflingar sjáfarútsvegi 1879 í vesturumdæminu, verði varið á þennan hátt.

1. til launa handa Ólafi jarðyrkjumanni Bjarnarsyni fyrir að ferðast um ýmsar sýslur og leiðbeina mönnum í jarðabótarstörfum og landbúnaði 400 kr.
2. sem styrki handa Boga Helgasyni frá Vogu til að ljúka við nám sitt á búnaðarskólanum á Stend í Noregi 100 kr.
3. til að koma á fót kennslu í búfræði og jarðabótum hjá Torfa jarðyrkjumanni Bjarnarsyni 733 kr.

Með tilliti til hinnar síðustu uppástungu hafið þjer skýrt frá því, að amtsráðið hafi samkvæmt ítarlegum tillögum Torfa, sem býr á eignarjörð sinni Ólafsdal í Dalasýslu fallizt á, að þar verði með opinberum styrk komið á fót kennslustofnun fyrir Vesturumdæmið, þar sem menn ættu kost á að nema öll hin helztu atriði í jarðrökt og búfræði eptir því, sem til hagar hjer á landi, og amtsráðið hafi veitt úr búnaðarsjóði vesturumdæmisins 67 kr. í viðbót við nefndar 733 kr., svo að útborgaðar verði á árinu 1879 800 kr. til undirbúnings kennslustofnunarinnar svo sem með húsastökkun, verkferakaupum o. fl. Fyrir því vil jeg tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að jeg fellst á þessa tillögu yðar og fylgir hjer með jarðabókarsjóðsávisun á 1233 kr.

PRESTAVÍGSLUR.

Hinn 1 dag júnímán. var kandidat Þorsteinn Benediktsson vígður prestur að Lundi og Fitjum í Borgarfjarðar prófatsdæmi.

14. júní var kandidat Ólafur Ólafsson vígður prestur að Brjámslæk og Haga í Barðastrandar prófatsdæmi.

31. ágúst var kandidat Einar Jónsson vígður prestur að Felli og Höfða í Skagafjarðar prófatsdæmi.